



7. fundur stjórnar LH 2024-2026
17. desember 2024 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson, Ragnhildur Gísladóttir og Jón Þorberg Steindórsson.

Forföll boðuðu: Ólafur Gunnarsson, Reynir Atli Jónsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Formaður og framkvæmdastjóri fara yfir stöðuna frá síðasta fundi

- Fundur með JRS og lögfræðingi hans sem LG og SE fóru á. Fundurinn fór vel fram og voru fundarmenn sammála um að horfa fram á veginn. Samþykkt var að LH myndi upplýsa danska sambandið um að engin mál væru útistandandi gagnvart knapanum.
- Á fundi HOI 9. des. var farið yfir hvaða verkefni liggja fyrir á árinu og umræða um í hvaða verkefnum HOI ætti að taka þátt.
- Landsliðsnefndin fundar stíft og mikill kraftur í fjáröflunarmálum. Á síðasta fundi fór landsliðsþjálfari yfir þróun afreksmála innan LH.
- Fundur með Önnu og Guðjóni hjá Alendis sl. föstudag. Skrifað var undir samning um API aðgang Alendis að Sportfeng, gegn aðgang að myndefni og klippingum. Farið var yfir samstarf frá því fyrir stofnun Alendis.
- Fyrsti fundur nýrrar dómarnefndar í gær. Búið er að opna á umsóknir um að dæma mót, stefnt er á að ljúka úthlutun á WR mót í janúar.
- Formaður fundaði með stjórn GDLH. Farið var yfir samstarf félaganna. Einnig var kynnt skoðanakönnun sem GDLH gerði um endurmenntun og úthlutun dómara. Kom m.a. fram eindreginn vilji til að úthluta mótum með meiri fyrirvara.
- B-hópur hæfileikamótunar kom saman um liðna helgi, alls tóku 16 knapar þátt.
- Verið að klippa myndefni frá gæðingakeppni Landsmóts 2022 og 2024 fyrir myndabanka Worldfengs.
- Greinargerð um hestaíþróttamann ársins var send til ÍSÍ fyrir hátíðina Íþróttamann ársins sem verður haldin 4. janúar.
- Eiðfaxi óskaði eftir grein um störf LH á árinu, fyrir árbók Eiðfaxes og var hún send inn í vikunni.

3. Störf stjórnar og samskipti

Formaður fór yfir samskipti stjórnarfólks, mikilvægt að hreinskiptin samskipti fari fram á stjórnarfundum og að allir rói í sömu átt.

4. FEIF-þing

Haldinn var fundur með íslensku fulltrúum í FEIF-nefndum.



FEIF hefur stofnað Hestavelferðarnefnd sem er skipuð fulltrúum úr öllum fastanefndum FEIF og er leidd af Börlu Isenbugel. Þannig er nefndin tengd inn í allar nefndir.

Farið var yfir stóru málin í hverri nefnd og hvaða sæti eru laus til endurkjörs. Ísland á fulltrúa í öllum nefndum nema Leisure Riding og hestavelferðarnefndinni.

Samþykkt að reyna að koma að fulltrúa í stjórn FEIF, stjórnarmanni sem færi með kynningarmál samtakanna. Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa framboð stjórnarmanns.

Þórhildur Katrín býður sig fram í Leisure Riding nefndina.

Aðalfundur FEIF fer fram í fjarfundi 28. janúar, Linda og Friðrik munu sitja fundinn f.h. LH/Bí Samþykkt að senda eftirtalda á FEIF-ráðstefnu 31. jan, og munu þau sitja með fulltrúum Íslands í hverri nefnd og jafnframt fara með atkvæði LH í viðkomandi nefnd:

Formannafundur, Linda og Berglind

Sportnefnd, Hinrik

Leisure Riding, Þórhildur Katrín

Menntanefnd, Unnur

Æskulýðsnefnd, Ólafur Þóris.

5. Farið yfir drög að dagskrá vinnuhelgar 10.-11. janúar.

Fundi slitið kl. 21.38